

Samstarfssamningur

Aðilar að samningnum eru AkureyrarAkademían, kt. 450914 1500, og Reykjavíkur Akademían, kt. 500506 0240.

Markmið og tilgangur

Markmið samningsins eru að efla samstarf milli aðila í rannsóknarstarfi, nýtingu aðstöðu og húsnæðis og í miðlun hagnýtra og stjórnunartengdra upplýsinga.

Engar fjárhagslegar skuldbindingar felast í samningnum.

Hlutverk aðila

AkureyrarAkademían skal veita aðilum sem leigja vinnuaðstöðu hjá Reykjavíkur Akademíunni vinnuaðstöðu í húsnæði stofnunarinnar sé óskað eftir því og slíkt mögulegt. Sömuleiðis skal Reykjavíkur Akademían veita aðilum sem leigja vinnuaðstöðu í AkureyrarAkademíunni vinnuaðstöðu sé þess óskað og slíkt mögulegt.

AkureyrarAkademían og Reykjavíkur Akademían munu samnýta aðstöðu og tækjabúnað til kennslu og rannsókna eftir samkomulagi hverju sinni.

Gildistími

Samningur þessi gildir í þrjú ár frá undirritun. Samningsaðilar geta sagt honum upp með sex mánaða fyrirvara.

Reykjavík 23. apríl 2018

Svandís N. Jónsdóttir.

Svandís Nína Jónsdóttir

Framkvæmdastjóri Reykjavíkur Akademíunnar

Kristín Heba Gísladóttir

Kristín Heba Gísladóttir

Framkvæmdastjóri AkureyrarAkademíunnar